

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hagsmunaaðila Landsbankans hf.

Við vorum ráðin af Landsbankanum hf. til að veita álit með takmarkaðri vissu á ófjárhagslegri upplýsingagjöf sem sett er fram með GRI Standards tilvísunartöflu byggt á Global Reporting Initiative í Sjálfbæriskýrslu Landsbankans fyrir árið 2021.

Verkefni okkar var framkvæmt til þess að leggja mat á:

- GRI Standards tilvísunartöflu sem sett er fram með vísun í GRI Standards í Sjálfbæriskýrslu Landsbankans fyrir árið 2021;
- Ferla og aðferðir sem notaðir eru til að útbúa upplýsingarnar og setja þær fram;
- Hvort texti í Sjálfbæriskýrslu Landsbankans sé í samræmi við niðurstöður einstakra mælikvarða sem greint er frá í GRI Standards tilvísunartöflu

Niðurstaða okkar er sett fram með álit með takmarkaðri vissu.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur Landsbankans eru ábyrg fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Óhæði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglina í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Control (ISQC) 1) og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óhæðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með takmarkaðri vissu á GRI tilvísunartöflu sem birt er í Sjálfbæriskýrslu Landsbankans. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar vissu um álit okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla takmarkaðrar vissu á því að GRI tilvísunartafla sé án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með álit með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við álit okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum, endurreikning valinna lykilmælikvarða, yfirferð á aðferðum sem notaðar eru til að útbúa upplýsingarnar, sem og tókum viðtöl við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir því að taka saman og greina gögnin. Við tókum viðtöl við lykilstarfsmenn innan Landsbankans, beittum fyrirspurnum varðandi verklag og aðferðir til að tryggja að GRI mælikvarðar séu settir fram í samræmi við GRI Standards. Við höfum lagt mat á ferla, aðferðir, útreikninga og eftirlitsþætti sem stuðst er við, við söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna hjá Landsbankanum. Við framkvæmdum gagnagreiningaraðgerðir og röktum upplýsingarnar sem greint er frá í undirliggjandi gögn. Ennfremur, höfum við lagt mat á framsetningu og samræmi upplýsinga í Sjálfbæriskýrslu Landsbankans fyrir árið 2021.

Álit

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til nokkurs annars en að GRI tilvísunartafla í Sjálfbærnisráskýrslu Landsbankans fyrir árið 2021 sé að öllu verulegu leyti í samræmi við GRI Standards og að texti í Sjálfbærnisráskýrslu sé settur fram í samræmi við niðurstöður einstakra mælikvarða sem greint er frá.

Kópavogi, 3. febrúar 2022

Deloitte ehf.

Birna María Sigurðardóttir

Birna María Sigurðardóttir
Endurskoðandi